**Umsókn um styrk**

Umsækjandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn: | **Magnús Þorkelsson** | Kennitala: | **1010577719** |
| Netfang: | **maggi@flensborg.is** | Sími: | **6604171** |
| Styrkur: | **Bæjarráðsstyrkur** | | |

Forrsvarsmaður:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nafn: | **Magnús Þorkelsson** | Kennitala: | **1010577719** |
| Netfang: | **maggi@flensborg.is** | Sími: | **6604171** |

Tilefni umsóknar, stutt lýsing:
**Þetta er umsókn ritnefndar um Sögu Flensborgarskólans en hana skipa Ingvar J. Viktorsson, formaður, Albert H. Steingrímsson (formaður skólanefndar), Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari og Magnús Þorkelsson, aðstoðarskólameistari. Um er að ræða ritun sögu skólans, sögu sem er samofin sögu bæjarins. Verkið hófst í tengslum við 125 ára afmæli skólans, 2007, og er að komast á lokastig eins og lesa má í umsókn hér að neðan. Sjá nánar þar.**

Upplýsingar um styrk:

| | |
|---|---|
| Styrkupphæð: | **kr. 1.500.000,-** |
| Kostnaðaráætlun: | **Það sem séð verður nú um þrjár milljónir króna.** |
| Fylgir kostnaðaráætlun: | **Já** |
| Áður sótt um: | **Nei** |
| Var styrkur veittur: | |

| | |
|---|---|
| Heiti verkefnis: | **Flensborgarskólinn og Fjörðurinn í 130 ár** |

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

Umfang verkefnis:
**Flensborgarskólinn í Hafnarfirði fagnaði 130 ára afmæli sínu á Flensborgar-daginn 1. október 2012. Á 125 ára afmælinu hófst vinna við að rita sögu skólans, en Björn Pétursson, sagnfræðingur, hefur það verk með höndum. Nú er að ljúka handritsgerð hans og mun þá taka við mikil vinna við ritstýringu, myndasöfnun, umbrot og loks prentun. Öll vinna við slíkt rit er afar kostnaðarsöm og af þröngum fjárveitingum að taka. Hins vegar er mikilvægt að gera yfirlit um sögu þessa skóla sem ruddi braut kennaranáms og alþýðufræðslu um aldamótin 1900, var í fararbroddi fjölbrautaskólabyltingarinnar á áttunda áratug 20. aldar og nú síðustu ár í miklu umbrotaferli og forystu um uppbyggingu og þjónustu við íþróttafólk, starfsbraut, kórstarf og Heilsueflandi framhaldsskóla, auk þess að vera órjúfanlegur hlekkur í menningarlífi bæjarins. Fljótlegt mat okkar er að næstu skref, sem eru, umbrotsvinna og myndvinnsla, ásamt lokavinnslu handrits og texta, geti hlaupið á að minnsta kosti þremur milljónum króna. Þá er prentun og markaðssetning eftir. Þess ber að geta að þegar hafa náðst samningar um afar mikilvæga aðstoð vegna myndaleitar og myndaláns frá Byggðasafni Hafnarfjarðar. Af þessum sökum leitum við nú til Bæjarráðs Hafnarfjarðar um styrk vegna þessa verkefnis að upphæð kr. 1.500.000,-**

| | |
|---|---|
| Tekjur/aðgangseyrir: | **óvíst** |

Aðrar upplýsingar:
**Um leið og fært verður hefst söfnun áskrifta að bókinni.**

Fylgiskjöl:
*attachments*

Mál:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málsnúmer: | **1302394** | Stofnað: | **28.2.2013 14:44:28** |